



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 2. nóvember 2015

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs, ásamt Mótanefnd og Tölvunefnd, haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Búðardal 2. nóvember 2015.

Mættir: Þórður, Heiðrún Sandra, Þórarinn, Viðar og Gyða, Svanhvít, Eyþór, Skjöldur Orri, Gísli, Sigurður Bjarni og Björn Anton.

1. Framtíð fjórðungsmóta á Vesturlandi og staðsetning þess. Á formannafundi félaganna á Vesturlandi var rætt um að komið væri að því að ákveða hvað skuli gera með svæðið á Kaldármelum, halda áfram með fjórðungsmót þar eða færa staðsetninguna. Allt svæðið á Kaldármelum þarfnast endurbóta ef áfram verða mót þar. Þetta mál hefur áður verið rætt á aðalfundi og voru skiptar skoðanir þá. Þyrftum að vera með ákvörðun fyrir formannafund LH 5. nóvember. Dýrt að nota svæðið fjórða hvert ár, síðasta mót var mjög dýrt, fjarskiptamál erfið og öll aðstaða starfsmanna ekki góð. Fundarmenn voru sammála um að eftirsjá yrði af staðnum en of mikið þyrfti að gera og kosta til þannig að svæðið yrði nothæft. Snæfellingur borgar leigu vegna svæðisins, félagið hélt engin mót þar 2015. Skuggafélagar hafa boðið sitt svæði og að sjá um fjórðungsmót með öðrum felögum á Vesturlandi. Glaður styður tillögu Skugga um að halda næsta fjórðungsmót í Borgarnesi.
2. Rætt um mótaskipulag 2016. Fyrsta mót verður smalinn 5. febrúar. Snæfellingur verður hugsanlega með mót sama dag og ípróttamótið verður hjá Glað, Þórður ætlar að ræða við formann Snæfellinga um það, slæmt að þessi mót séu sama daginn. Sameiginleg úrtaka fyrir Landsmót verður í Borgarnesi fyrir félögin á Vesturlandi. Hafa sameiginlegan undirbúning fyrir börn og unglinga sem verða fulltrúar hestamannafélaganna á Vesturlandi á Landsmóti. Þjálfari taki við þeim strax eftir úrtöku og fylgi þeim á mótið.
3. Árshátíð hestamannafélaganna á Vesturlandi verður 20. nóvember í Reykholti. Skemmtikvöld Glaðs verður 9. janúar.
4. Skipa fulltrúa í framkvæmdanefnd vegna Vesturlandssýningarinnar 2. apríl. Þórður mælti með að Svala yrði fulltrúi Glaðs áfram, það samþykkt.
5. Meistaradeild Vesturlands, komnar eru dagsetningar á hana, mikill hugur í vestlendingum vegna hennar. Búið er að skipa í stjórn vegna deildarinnar. Komin fjögur lið, fimm í hverju liði.
6. Mótanefnd spyr hvor laga megi dómpallinn fyrir komandi mót, panta þar efni og laga fyrir veturinn. Skjöldur, Gísli og Toni i athuga með efni og ákveða síðan dag í verkið og kalla til félaga í það.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9.40

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari